GRÖF OG DAUÐI:

SKÝRSLA UM VETTVANGSRANNSÓKNIR 2012-2013

HÖFUNDUR:
ORRI VÉSTEINSSON

REYKJAVÍK 2013
FS528-11143

Ljósmynd á forsíðu er af hringlaga mannvirki á austurenda Helgeyjar í landi Geirastaða í Mývatnssveit. Finnbogi Stefánsson á Geirastöðum stendur í innri hringnum. Árni Einarsson tók myndina 2010.

©2013
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
FAX: 551 1047
NETFANG: fsi@instarch.is
www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

Inngangur *4*

Niðurstöður vettvangsrannsókna 2012: *6*

Gautlönd í Mývatnssveit 6
Ytri Neslönd í Mývatnssveit – Borgarhóll 10
Geirastaðir í Mývatnssveit – Helgey 11
Höskuldsstaðir í Reykjadal – Leyningshólar 15
Syðra Fjall í Aðaldal 18
Ytra Fjall í Aðaldal 18
Hólmavað í Aðaldal 19
Hafralækur í Aðaldal 19
Tjörn í Aðaldal 21
Húsavík – athugasemd 21
Öxnadalsheiði – Skógarnes 21

Niðurstöður vettvangsrannsókna 2013 *26*

Aðfaraorð 26
Sílalækur í Aðaldal 26
Sandur í Aðaldal 27
Hraunkot í Aðaldal 30
Þverá í Laxárdal 31
Auðnir í Laxárdal 31
Ásgeirsstaðir í Laxárdal 32
Halldórsstaðir í Laxárdal 34
Múlatorfa 35
Árbót í Aðaldal 35
Knútsstaðir í Aðaldal 36
Garður í Aðaldal 37
Nes í Aðaldal 37
Hólkot í Aðaldal 39
Hagi í Aðaldal 40
Bakki á Tjörnesi 42
Sultir í Kelduhverfi 42
Hafursstaðir í Axarfirði 42

Samantekt og niðurstöður *44*

Töflur *47*

English summary *52*

Heimildir *54*

Inngangur

Verkefnið Gröf og dauði á Íslandi í 1150 ár hefur það markmið að varpa ljósi á grafsið á Íslandi með heildstæðum hætti, ekki sem tvö ólík viðfangsefni (heiðinn og kristinn grafsiður) heldur sem eitt og sama fyrirbærið með áherslu á að skilja hvernig gröfum var fundinn staður í landslaginu. Höfuðlínur í þessu efni teljast nokkurnveginn sæmilega þekktar (sbr. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson 2011) en verkefninu er ætlað að varpa ljósi á það sem óvíst er, annarsvegar um tíðni og staðsetningu bæði kumlateiga og kristinna grafreita en líka um þær grafir sem ekki verða tengdar öðrumhvorum flokknum. Vettvangshluta verkefnisins er ætlað að varpa ljósi á þessi atriði og má skipta markmiðunum í þrennt:

- Að þróa áfram aðferðir til að bera kennsl á kumlateiga.
- Að þróa áfram aðferðir til að bera kennsl á kristna grafreiti
- Að rannsaka skipulega mannabeinafundarstaði sem ekki verða augljóslega flokkaðir sem kuml eða kristnir grafreitir og þróa skilning á þeim.

Undir merkjum verkefnisins voru gerðar vettvangsrannsóknir sumarið 2011 (Orri Vésteinsson 2012) og var haldið áfram í sama dúr sumarið 2012. Lögð var áhersla á að fá sem skýrasta mynd af því svæði sem mest hefur verið rannsakað, þ.e. Aðaldal, Reykjadal, Laxárdal og Mývatnssveit í Suður Þingeyarsýslu og árið eftir var farið á alla bæi á þessu svæði (miðað var við vatnasvið Laxár) sem ekki höfðu verð heimsóttir áður til að spyrja um mannabeinafundi eða aðrar vísbendingar um legstaði og greftrun. Á þeim grundvelli er hægt að setja fram heildstæða mynd af stöðu þekkingar um greftrun í heilu héraði, en auk þess hefur verið safnað nægum vitnisburði um ýmiskonar greftrunarstaði og vísbendingar um greftrun til að hægt sé að setja fram tilgátur um rannsóknarspurningar verkefnisins. Verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í Samantekt og niðurstöðum aftast í þessari skýrslu.

Sumarið 2012 fór vettvangsvinna fram dagana 28. maí og 2. til 6. júlí en 15. til 19. júlí 2013. Skýrsluhöfundur gróf alla skurðina sem hér er greint frá. Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn skat skjólshúsi yfir leiðangurinn 2012 og eru Árna Einarssyni færðar bestu þakkir, en sumarið 2013 fékk höfundur inni með Skútustaðaleiðangrinum í Litlu-Laugaskóla. Landeigendum og öðrum heimildamönnum, kollegum og samstarfsfólki, og Oddgeiri Isaksen sem útbjó stafrænar útgáfur af línuteikningum eru færðar bestu þakkir.

Mynd 1. Rannsóknarstaðir í Suður Þingeyjarsýslu.

Niðurstöður vettvangsrannsókna 2012

Gautlönd í Mývatnssveit

Á Gautlöndum fannst kuml 1855 og er það óvenjulega staðsett, í túninu um 100 m austan við bæjarhólinn (Kristján Eldjárn 2000, 203) Mannabein komu síðan í ljós á tveimur stöðum norðan við bæjarhólinn um miðja 20. öld. Fyrra skiptið var 1947 en þá kom í ljós gröf þegar byggt var fjós á hól norðan við bæinn. Svo er sagt frá fundinum að beinin hafi verið í trékistu og hafi hún snúið norður-suður. Beinin voru tínd til og voru lengi geymd í kassa en að lokum grafin í tóft Gauthúsa (þar sem kumlið fannst á 19. öld). Þau bein voru grafin upp aftur 2007 og reyndust vera úr tveimur einstaklingum. Enn komu í ljós mannabein þegar byggð var skemma við fjárhús beint norður af bænum, um 15 m vestan við fjósið. Það voru tvær beinagrindur og voru þær grafnar aftur á sama stað, en ekki er vitað hvernig þær snéru (Orri Vésteinsson 2008, 50-52. Sjá Mynd 2).

Mynd 2. Afstaða mannabeinafundarstaða á Gautlöndum. Úr skráningarskýrslu Orri Vésteinsson 2008, 51.

Mynd 3. Afstöðukort af skurðunum tveimur sem grafnir voru 2012.

Nógu skammt er á milli beinafundarstaðanna frá 1947 og 1952 (um 20 m – sjá myndir 2 og 3) til að þeir gætu báðir verið úr sama grafreit, jafnvel kristnum kirkjugarði sem gæti sem best hafa verið á hólnum norðan við bæinn. Til að láta reyna á þá tilgátu voru grafnir tveir 1x1 m skurðir þann 2. júlí 2012. Skurður A var 2 m vestan við suðvesturhorn fjóssins en skurður B 2 m austan við nyrðri dyrakarminn á austurhlið skemmunnar (Mynd 3). Ætla mátti að ef grafirnar væru úr sama kirkjugarðinum þá væru þær úr sitthvorri hlið hans en líklegt að á milli þeirra væri kirkjutóft og þéttar grafir nær henni. Ekki þótti þó ráðlegt að grafa mitt á milli beinafundarstaðanna enda mætti þar vænta kirkjutóftar en þar að auki liggur vegur yfir hólinn á þessum stað. Í skurði A var komið niður á tvo lagnaskurði frá 20. öld en í hliðum hans sást jarðalagaskipun vel. Gjóskulögin V-1477, H-1300 (mögulega V-1410) og H-

Mynd 4-5. Skurður A. Suðursnið t.v. og grunnmynd t.h. Gula linsan er H3

1104/58 eru öll á sínum stað og eru hreyfð lög á milli þeirra og 2-4 sm undir H-1104/58. Þar tekur hinsvegar við Hverfjallsgjóskan ofan á óhreyfðu og er landnámssyrpan með öllu horfin. Sýnt er að talsverður jarðvegur hefur verið fjarlægður á þessum stað áður en upphleðsla hófst á 10. eða 11. öld. Hreyfðu lögin ([007] og [008]) eru einsleit, torfhrun með smáræði af ösku og viðarkoli en neðst var ljósgrá móöskulinsa [009]. Engar grafir eða niðurgreftir eru í þessum skurði og engin merki um uppmokstur í nánd sem myndi sjást sem flekkir af H3, en sú gjóska var óhreyfð í botni skurðarins.

1. Grús yfir öllum skurði og í dæld í NA-horni
2. Þétt blandlag – fylling í lagnaskurði; dökkbrún mold blönduð með ljósbrúnni mold, H3 (uppmokstur). Í þessu eru viðarkol, möl, járngjall og postulínsflísar. Skurðirnir eru tveir (með rörum [004] og [006] en enginn munur sást á fyllingum þeirra og skilin voru óskýr.
3. Taðkennd mold, lítið hreyfð
4. járnrör á 72-82 sm dýpi
5. Steypt hella, brotin
6. Plaströr á 75 sm dýpi
7. Torfblönduð mold m. örlitlu af kolum og ösku.
8. Torfhrun m. örlitlu af kolum og 0sku
9. Ljósgrá móöskulinsa
10. Óhreyft

Tafla 1. Lýsing eininga í skurði A.

Í skurði B var dýpra niður á V-1477 og V-1717 mögulega ofan á henni Á milli þeirra er grátt gjóskulag. Nýaldarlögin eru taðblönduð og lífrænni en í skurði A, og mjög skammt á milli V-1477 og H-1300 en eins og í A er neðsta mannvistarlagið ljósgrá móaska með viðarkolum,

Mynd 6. Skurður B, suðursnið.

brenndum og óbrenndum beinum (mjög vel varðveitt). Úr þessu lagi [006} kom gripur úr beini, einhverskonar skaft eða hólkur utan um járn. Þetta lag var ofan á óhreyfðu og var ekki í samhengi við H-1104/58 sem sást aðeins á einum stað í skurðinum en undir því var einnig hreyft. Eins og í B hefur landnámssyrpan verið skorin burt, og Hverfjallsgjóskan raunar líka því H3 er 3-6 sm undir neðstu lögunum. Engar grafir sáust hér heldur og ekkert sem bendir til greftrunar í nánd.

1. Grús
2. Torf- og taðblönduð mold
3. Dökkbrún lífræn mold m. torfflygsum og stöku viðarkoli
4. sama og [003]
5. Eins og [003] og [004] nema ljósara = meiri fokmold. H-1104/1158 er á sínum stað, neðst í þessu lagi í vestursniði. Óhreyft [007] undir því þar
6. Ljósgrá móaska með viðarkolum, brenndum og óbrenndum beinum og 1 beinhlut.
7. Óhreyft

Tafla 2. Lýsing eininga í skurði B.

Niðurstaðan er því sú að ekkert bendi til kristins grafreits á þessum stað þó auðvitað hafi það ekki verið afsannað. Í þessu ljósi verður að telja líklegra að beinafundirnir séu ekki úr kristnum grafreit og styrkir þá túlkun að gröfin sem kom í ljós 1947 er sögð hafa snúið norður-suður. Beðið er kolefnisaldursgreiningar á þeim beinum en aldur þeirra mun gefa mikilvæga vísbendingu um hverskonar greftrunarstaður þetta hefur verið.

Ytri Neslönd í Mývatnssveit - Borgarhóll

Í landi Ytri Neslanda hafa mannabein fundist á tveimur stöðum. Annar er öruggt kuml en hinn var stök mannsgröf með fætur til suðausturs. Kristján Eldjárn sagði frá báðum þessum fundum í Árbók fornleifafélagsins 1965 (Kristján Eldjárn 1966, 54-56; Kristján Eldjárn 2000, 198) og staðirnir voru skráðir 1997 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir ofl. 1998, 59-60). Kortið í skráningarskýrslunni er hinsvegar vitlaust og ekki auðvelt að átta sig á afstöðu þessara staða – til hvers annars, bæjarstæðisins eða landamerkja. Hnitin eru hinsvegar rétt í skýrslunni og reyndist því auðvelt á vettvangi þann 4. júlí 2012 að koma þessu á hreint. Kumlið var í hólnum Stóra-Forvaða sem er við vatnsbakkann um 720 m norðan við bæinn í Ytri Neslöndum. Eins og nafnið bendir til lá þjóðleiðinn um vatnsbakkann en torfært hefur verið á

Mynd 7. Afstaða beinafundarstaða á Ytri Neslöndum merkt inn á loftmynd frá Landmælingum Íslands.

landi á þessum slóðum áður en malarvegurinn var lagður. Hóllinn er að stærstum hluta horfinn í malarnám og ekkert sem bendir til fleiri grafa á því litla sem eftir er af honum. Þetta er dæmigert fjærkuml þó það sé allfjarri núverandi merkjum. Þau hljóta að hafa legið öðruvísi meðan búið var á Raufarhóli, ef sá bær var sérstök landareign, en þar fyrir utan er einfaldlega ekki um marga staði að velja nær botni Neslandavíkur þar sem það fer saman að líkleg leið hafi legið og þar sem hægt er að taka grafir.

Hinn staðurinn er á Borgarhóli, 520 m suðaustan við bæ í Ytri Neslöndum. Þar kom í ljós mannsgröf sem lá mjög grunnt, aðeins um fet ofan í jörðinni, þegar grafið var fyrir íbúðarhúsi nýbýlisins Borg. Beinin voru tekin upp og færð í kirkjugarðinn í Reykjahlíð. Engir gripir voru með en beinagrindin snéri fótum til suðausturs. Það og staðsetningin gerir það ólíklegt að mannabeinin séu úr kristnum grafreit. Ef þetta er kuml þá myndi það líka flokkast sem fjærkuml þó það sé ekki nálægt merkjunum við Syðri Neslönd. Það sama gildir hér að gröfin er á eina verulega gjallhólnum sem liggur á milli Neslandabæjanna. Ef þessi túlkun er rétt gæti það ýtt undir þá hugsun að fjærkuml hafi ekki átt að vera heimild um landamerkin sjálf (enda eru þau sjaldnast beinlínis á merkjum heldur öðruhvoru megin við þau, oft þannig að skeikar tugum metra eða meira), að þau hafi ekki verið ígildi landamerkja, eins og garðar, vörður eða krossar gátu verið. Þá er annaðhvort að þau stafi af áhuga á að koma hinum látnu nógu langt í burtu frá bænum, sbr. að þau eru einnig oftast í hvarfi og horfa í átt frá bæ (eins og Borgarhólsbúinn) eða að þörfin fyrir að merkja sér landið með áum sínum hafi ekki verið bundin við landamerkin sjálf heldur jafnvel sem flesta staði innan landareignarinnar, þó væntanlega fyrst og fremst aðkomur að bænum eins og virðist hafa verið í tilfelli Ytri Neslanda.

Geirastaðirí Mívatnssveit - Helgey

Á loftmyndaferðum sínum hefur Árni Einarsson tekið eftir hringlaga mannvirki í suðausturhorni Helgeyjar og tekið myndir af því. Mannvirki þetta er bæði óvenjulegt í laginu og óvenjulega staðsett og hafa verið uppi tilgátur um að það gæti verið legstaður og/eða að það tengist nafni eyjarinnar og sé jafnvel einhverskonar helgistaður. Í samhengi við fyrri tilgátuna er bent á örnefnið Hafursker í Miðkvísl beint suður af þessum stað, en skerin eiga að vera kennd við Hafur sem féll í bardaganum á Kumlabrekku (manns með því nafni er þó ekki

Mynd 8. Afstaða hringlaga mannvirkis og annarra minjastaða á austurenda Helgeyjar merkt inn á loftmynd frá Landmælingum Íslands.

Mynd 9. Grunnmynd af hringlaga mannvirki í Helgey

Mynd 10. Norðursnið skurðar B.

01. Grasrót
02. V-1477
03. Dökkbrún mold með 2 dökkum gjóskulögum á sínum stað
04. skurður
05. Áfok með LNS nokkurnveginn á sínum stað. Þó er svört linsa neðst sem er gamalt yfirborð – sést líka í suðursniði
06. Áfok – ljósara en [005]
07. Vikur.

Tafla 3. Lýsing einingar í skurði B

Mynd 11. Einfaldað snið í skurði A. Öll lögin eru óhreyfð.

Mynd 12. Mannvirkið í Helgey úr lofti. Garðar Guðmundsson tók myndina 2011.

getið í lýsingu Reykdælasögu á baraganum – *Íslenzk fornrit* X, 205-209 og á lík hans að hafa rekið þangað og fundist þar. Hugmyndin væri þá sú að líkinu hafi verið dröslað á landi en ekki leitað langt yfir skammt til að heygja manninn.

Mannvirki þetta hafði ekki verið skráð við aðalskráningu 1997 og var því tvöföld ástæða til að hyggja að því nú. Finnbogi Stefánsson á Geirastöðum vísaði á staðinn 4. júlí 2012. Mannvirkið er því sem næst hringlaga, skurður sem er um 10 m í þvermál og innan hans er eins og hringlaga tóft. Grafnir voru tveir 1x0,5 m skurðir, báðir vestan megin við miðju mannvirkisins á miðlínu sem lá austur-vestur. Skurður A var í miðju mannvirkinu en B yfir skurðinum vestanmeginn. Í B sást að niðurgröftur [004] hefur verið gerður löngu fyrir 1477 en ”a” lagið [002] lá í þykkum bunka upp að brúninni. Undir því var 4-5 sm þykkt áfokslag [003] og í því a.m.k. tvö dökk gjóskulög en of lítið var af þeim til að hægt væri að greina þau. Af afstöðunni að dæma hlýtur annað þeirra að vera H-1300 og má af því draga þá ályktun að niðurgröfturinn hafi verið gerður fyrir 1300, líklega löngu fyrr, en þó eftir 940. Engin önnur mannaverk sáust í þessum skurði. Í skurði A voru alls engin mannaverk, heldur lágu gjóskurnar í landnámssyrpunni þar jafnfallnar og V-1477 þar yfir en í þeim skurði sáust

ekki önnur gjóskulög – þau hafa varðveist betur í dældinni. Þetta sýnir að það sem lítur út eins og hringlaga tóft er ekki annað en uppmoksturinn úr skurðinum og mannvirkið er því einfaldlega hringlaga skurður og uppmokstur úr honum. Skurðurinn hefur ekki farið ofan í vikurinn sem undir er svo neinu nemur heldur hefur aðeins verið grafið niður á hann og uppmokstrinum hrúgað innanvið skurðinn. Hvaða tilgangi þetta hefur þjónað er ómögulegt að giska á en legstaður er þetta ekki.

Auk þessarar rannsóknar voru skráð tvö heystæði sem ekki höfðu verið skráð áður, bæði eftir ábendingu Finnboga Stefánssonar. Annað þeirra (SÞ-213:039) er mjög stæðileg bygging með tveimur hólfum og gæti hafa haft fleiri hlutverk en að setja upp hey.

Höskuldsstaðir í Reykjadal – Leyningshólar

Árið 2010 var skráð kirkja á Kirkjuhóli á Höskuldsstöðum í Reykjadal (SÞ-266:002). Eftir ábendingu Árna Einarssonar var þá einnig svipast um á Leyningshólum sem eru hólarnir norðan við bæinn. Nafnsins er ekki getið í örnefnaskrá en Glúmur Hólmgeirsson segir frá því í grein frá 1980 og stakk þar upp á að þetta gæti verið sami staður og Leyningsbakki sem getið er í Reykdæla sögu, þar sem Áskell goði á að hafa verið grafinn (Íslenzk fornrit X, 198, 202). 2010 voru hnit tekin á tveimur steinsetningum sem gátu verið ummerki um grafir. Seinna fór Árni aftur á staðinn og tók myndir, m.a. af rofabarði með dæld í miðju sem er mjög

Mynd 13. Steinsetning 3 á syðsta Leyningshólnum. Bærinn á Höskuldsstöðum í baksýn. Horft í suður.

Mynd 14. Grunnmynd af steinsetningu 3 og staðsetningu skurðar

áþekk þeim dældum sem vísa á kuml, t.d. á Ingiríðarstöðum og Einarsstöðum. Á grundvelli þessara gagna var staðurinn aftur skoðaður 28. maí 2012 og þá skráðir tíu staðir sem gátu komið til greina sem ummerki um kuml. Þeir eru allir á hólkollunum sem eru blásnir niður í mel, annaðhvort steinaraðir eða samanborið grjót. Allt grjótið er þó greinilega úr hólunum sjálfum, ekkert af því er aðdregið. Uppgröftur var síðan gerður á tveimur af þessum stöðum, m.a. rofabarðinu, þann 5. júlí 2012.

Myndir 15-16. T.v. grunnmynd af dældinni í rofabarðið og t.h. norðursnið í skurðinum. Öll lögin eru náttúruleg. Í [005] eru tægjur af H-1104/58. [006] er efsta svarta gjóskulagið í LNS.

Á hólnum sem er næst norðan við bæinn eru fjórar steinsetningar auk vörðu á austasta hólkollinum. Grafið var í þá þriðju að austan (HOSK3) en hún myndar nokkurnveginn samhangandi ferhyrning, einfaldar raðir af 10-15 sm steinum sem greinilega hafa verið settar

af mannahöndum. Grafinn var 0,8x0,3 m skurður og varð hann 15 sm djúpur. Þar var komið niður á hreina grús en ofan á henni var mold efst og þar undir moldarblönduð grús. Lagskiptingin er því alveg náttúruleg og engin mannaverk önnur en steinaraðirnar á yfirborði. Skóflustunga í austustu steinsetninguna (HOSK1) gaf sömu raun.

Norðan við þennan hól er hvammur og í honum lítill stakur hóll með vörðu á næst brekkunni, en austar er hólarani sem liggur norður-suður og er steypt hlið á norðurenda hans. Á honum er fimm steinsetningar (HOSK5-9), nyrst ein sem gæti verið fallin varða en hinar verða minna og minna sannfærandi eftir því sem norðar dregur. Allar virðast þó mannaverk en til þess verður að taka að talsvert rask hefur verið á þessum hólum og greinileg merki um gröft á nokkrum stöðum og virðist það allt frá síðustu áratugum. Norðan við hliðið er stakt rofabarð þar sem hólhryggurinn greinist í tvær hólaraðir og virðist gömul leið að bænum hafa legið eftir þeirri eystri. Rofabarðið er því við aðkomu að bænum en jafnframt rétt svo í hvarfi frá honum. Sá sem kemur að bænum úr norðri hefur séð bæjarhúsin um leið og hann var kominn fram hjá staðnum sem barðið er nú á. Barðið er um 4 m langt og 2,5 m breitt og snýr NV-SA. Ofan á því miðju er tæplega 2 m löng dæld, um 1 m breið með rás útúr til suðurs. Barðið er um 0,5 m hátt og moldarflag í kring en hliðar þess virðast vera að gróa. Grafinn var 1,1x0,3 m skurður þvert yfir dældina. Í vesturbrún hennar var lag af 10-15 sm lábörðum steinum sem greinilega hefur verið komið fyrir þar en að öllu öðru leyti reyndist jarðlagaskipan vera náttúruleg. Neðst er H3 og smáræðis sveigja á því, einkum að austanverðu, sem síðan hefur magnast upp þegar tímar liðu, þannig að meiri sveigja er á landnámssyrpunni og enn meiri á V-1477 en steinarnir í vesturbrún, lagðir niður eftir 1477, hafa síðan hlaðið utan á sig fokmold og þannig myndað þá hlið dældarinnar.

Höskuldsstaðakumlin eru því enn ófundin.

Mynd 17. Syðra Fjall, steinhús frá 1914 nánst í hvarfi á bak við trén fyrir miðri mynd. Það stendur á bæjarhólnum en grafreitur fannst í s.k. Varningarhóll sem var til h við hliðið. Myndin er tekin úr SSA.

Syðra Fjall í Aðaldal

Til er nákvæm frásögn Ketils Indriðasonar á Ytra Fjalli af fundi mannabeina og kirkjurústar þegar svokallaður Varningarhóll var sléttaður haustið 1915 (uppskrift á dagbók Ketls eftir Ívar Ketilsson á Ytra Fjalli – SÞ-257:029) . Að minnsta kosti í tvígang hafa komið upp mannabein á þessum stað og eins og í fyrsta skiptið ávallt sett niður aftur þar sem þau komu upp. Hóllinn er nú horfinn og öll yfirborðsummerki, en kirkjugarðurinn hefur verið við suðausturhorn bæjarhólsins þar sem nú er heimreið að eldra íbúðarhúsinu (steinhús b. 1914) austanmegin við það. Dæmigerð staðsetning handan hlaðs, ská á móti framhlið bæjarins.

Ytra Fjall í Aðaldal

Við vettvangsathugun sumarið 2011 var skoðuð grunsamlegur haugur rétt sunnan við merkin milli Ytra Fjalls og Hafralækjar en þau liggja eftir gömlum garði austan í Fljótsheiðinni (Orri Vésteinsson 2012, 50-52). Grafið var í hauginn 6. júlí 2012 og reyndist hann vera alveg náttúrulegur.

Hólmavað í Aðaldal

Mannabeinahellir heitir í hrauninu 370 m norðvestan við gamla bæjarstæðið á Hólmavaði. Í örnefnalýsingu Hólmavaðs er þessu lýst svo: ”Upp af bæ eru Fjallshólar. Þar út með braut er Hraun, þar til kemur að svonefndum Mannabeinaklettum. Það eru tveir stórir klettar utan og austan við Hólmavaðshlið. Þar eru lágar í hrauninu, Mannabeinabollar. Þetta er fyrir neðan veginn. Þar eru enn bein, nema hauskúpan, sem var þar, en er farin inn í Gagnfræðiskóla á Akureyri.” Þar liggja mannabein, lærleggir, leggja- og handabein, mjaðmabein, rifbein, hryggjarliðir og fingurbein ofan á urðinni sem hefur fallið úr þaki lítils skúta norðvestan undir hraunkletti sem er fast sunnan við gömlu leiðina milli Hólmavaðs og Hafralækjar. Sú sögn fylgir að flökkukona hafi orðið þar úti á ferð milli bæjanna en Benedikt Kristjánsson (f. 1970) hafði ekki heyrt neina skýringu á því af hverju beinin höfðu orðið eftir þarna og ekki verið flutt í kirkjugarð. Beinin eru veðruð en engu að síður furðuvel varðveitt. Húskúpuna vantar en hana tók Konráð Vilhjálmsson á Hafralæk (1885-1962) og hafði lengi til skrauts á skrifborði sínu en síðar fór hún á Minjasafnið á Akureyri en er nú talin vera komin suður, væntanlega á Þjóðminjasafnið.

Allt er þetta býsna einkennilegt, bæði gott ástand beinanna – því ætla má að þau hafi verið þarna að minnsta kosti eina öld og sennilega mun lengur – en líka staðsetningin, fast við þjóðleið og svo skammt frá bæ.

Hafralækur í Aðaldal

Á Hafralæk var bænhús skv. sölubréfi frá 15. öld (DI IV 756, sbr. 758) en ekki er vitað hvar það stóð. Ásgrímur Þórhallsson á Hafralæk (f. 1936) telur helst koma til álita rústahóll sem er um 75 m suðvestan við bæinn og merktur nr. 007 á túnakorti. Á norðurenda hólsins er reykkofi að falli kominn en tóftir sunnan við hann, misstór hólf. Reykkofinn var áður hesthús en steðji kom upp við jarðrask sunnan við það um miðja 20. öld og bendir það til að smiðja gæti hafa verið á þessum stað fyrrmeir. Engin mannabein hafa komið í ljós eða annað sem gæti bent til kirkju en staðurinn er líklegur að því leyti að aðkoma að bænum frá brúnni við Brúarhóla hefur legið upp að hólnum sunnanverðum og austanmeð honum heim á hlað.

Mynd 18. Rústaholl 007 á Hafralæk, horft til suðvesturs í átt frá bæjarhól. Þjóðleið frá Skjálfandafljóti lá eftir sneiðingi niður um hlíðina og yfir brú á læknum í hlíðarrótum og þaðan framhjá þessum hól að bænum. Tilgáta er um að bænhúsið á Hafralæk hafi staðið á þessum stað en engar fornleifafræðilegar vísbendingar eru um það.

Mynd 19. Rústaholl 007 m..v. bæjarhól og mannabeinafund á Hafralæk. Mynd af GoogleEarth.

Einnig var nú gerð nákvæmari leit að gróðurbreytingum þeim norðan við merkin milli Ytra Fjalls og Hafrlækjar sem Ásgrímur hefur sagt frá (Orri Vésteinsson 2012, 50) en sú leit bar ekki árangur fremur en fyrra ár.

Tjörn í Aðaldal

Hálfkirkja var á Tjörn skv sölubréfi frá 15. öld en Úrsúla Pétursdóttir (f. 1930, kom til Tjarnar 1956) hefur aldrei heyrt á hana minnst né að mannabein eða aðrar vísbendingar um kirkju hafi komið í ljós. Bærinn stóð áður norðan við tjörnina sem hann er kenndur við, en var fluttur 1944 og er þar nú slétt tún. Rofum og ösku úr bæjarhólnum var rutt ofan í djúpa laut sem er norðvestan við hólinn en ekki komu nein mannabein í ljós við það verk (unnið með jarðýtu) og verður af því ályktað að ólíklegra sé að kirkjan hafi staðið vestan eða norðvestan við bæinn.

Húsavík – athugasemd

Í fyrri skýrslu (Orri Vésteinsson 2012, 52) er greint frá mögulegum mannabeinafundi á Húsavík. Við frekari eftirgrennslan kom í ljós að ekki var átt við mannabein heldur fundarstað dýrabeina og annarra mannvistarleifa sem bendluð voru við Eskimóa í dagblöðum sumarið 1960. Þessi staður er mjög athyglisverður og hefur orðið efni í dálitla rannsókn, en hún liggur utan við markmið þessa verkefnis.

Öxnadalsheiði - Skógarnes

Árið 1962 fannst kuml konu og hests á Skógarnefi sem skagar fram í gil Krókár þar sem hún og Heiðará koma saman vestan í Öxnadalsheiði (Kristján Eldjárn 1966, 13-18; Kristján Eldjárn 2000, 140-41). Einnig voru á sama stað gröf karlmanns og mögulega annars hests en þær grafir höfðu skemmst af malarnámi þegar rannsóknin var gerð. Þessi kuml eru mjög óvanalega staðsett, og getur staðurinn ekki talist venjulegt kumlstæði frá neinum bæ í nágrenninu, hvorki Fremri-Kotum (meir en 5 km fjarlægð og handan Norðurár), Krókárgerði (meir en 2,5 km fjarlægð og handan Krókár) né Hálfdánartungum (meir en 1,5 km fjarlægð en yfir brattan háls að fara) en enginn þessara bæja hefur verið í stöðugri byggð og ekkert vitað um byggingu þeirra á víkingaöld. Þessi kuml eru í flokki með Hólaskógi (Kristján Eldjárn 2000, 83-85) sem möguleg hálendiskuml en báðir staðirnir eru við fjölfarnar hálendisleiðir en mjög langt frá þekktum bæjarstæðum. Hugsanlegt er að þessir staðir séu afbrigði af landamerkjakumlum en marki fremur skil byggðar og óbyggða en einstakra jarðeigna. Kristján Eldjárn (1966, 18) velti fyrir sér staðsetningu kumlanna á Skógarnefi og taldi ólíklegt

Mynd 20. Skógarnes – afstaða kumls og tóftar. Horft til suðausturs og sést fram eftir Krókárdal t.h.

að það væri frá nokkrum af næstu bæjum en mögulegt að þau tilheyrðu óþekktum bæ í Skógarhlíð – en svo nefnist norðurhlíð dalsins sem Heiðará og Króká renna um og hringvegurinn liggur eftir – og hefði bæjarstæðið annaðhvort orðið undir skirðu eða það væri undir allmikilli rústabungu á gilbarminum spölkorn neðan við kumlstæðið. Þeim rústum fylgdi sú skýring að þar hefðu verið beitarhús frá Hálfdanartungum (einnig Ö-Silfrastaðaafrétt, athugasemdir og viðbætur, 1).

Þegar skráð var í Norðurárdal vegna vegagerðar árið 2000 var þessi tóft skoðuð og er hún fast á gilbarminum um 200 m vestan við kumlstæðið (Orri Vésteinsson 2000, 20). Tryggvi Emilsson greinir einnig frá bæjarstæði á þessum slóðum sem gæti verið sama tóftin. Hann kallar staðinn Skógarnes en þar komst hann í kast við drauga árið 1919. Tryggvi fullyrðir að þarna hafi verið búið en telur að kotið hafi verið kostarýrt (Tryggvi Emilsson 1976, 163-64, 269). Kristján segir frá að skammt ofan við kumlið hafi verið rúst af litlu húsi eða rétt en honum fannst ekki koma til mála að þar hefði verið bær (Kristján Eldjárn 1966, 18) og ekki sést þessi tóft lengur. Þarna er nú ekki aðrar tóftir að sjá en þessa einu á gilbarminum en í Skógarhlíð er nú allstór valllendisflöt, einir 6 hektarar og gæti hafa verið stærri áður en þjóðvegurinn var lagður yfir efri hluta hennar. Flötin lítur út fyrir að geta hafa verið nýtilegt slægjuland, jafnvel í betra lagi. Á henni eru auk tóftarinnar og kumlanna varða og ungleg tóft

Mynd 21. Grunnmynd tóftarinnar í Skógarnesi.

vestast, fast á gilbarminum, en tveir síðastnefndu fornleifastaðirnir voru skráðir við vettvangsathugun 3. júlí 2012. Áhugavert þótti að komast að því hvers eðlis tóftin væri og hvað hún væri gömul. Ef hún væri mannabústaður frá víkingaöld þá gætu kumlin tengst þeirri mannvist en ef tóftin væri yngri eða skepnuhús, heystæði eða eitthvað þvíumlíkt þá myndi það renna frekari stoðum undir tilgátuna um kuml sem markaði skil byggðar og óbyggða.

Tóftin var teiknuð upp og mælist nú 23x13 m. Hún er um 2 m hærri en umhverfið, hæst austast og ofan í hana sjást þrjár dældir, allar grunnar miðað við hvað tóftin í heild er mikil um sig. Tvær dældirnar eru samhliða, aflangar, um 8x2-3 m og gætu verið dyr á þeirri syðri til suðurs austast. Lítil dæld, um 2 m í þvermál er vestan við nyrðri aflöngu dældina og gæti hafa tengst henni. Austast er hnúður eða bunga með sléttum kolli, um 3 m í þvermál. Grafinn var 1,5x0,8 m skurður í suðurhlið syðri aflöngu dældarinnar, um 2 m vestan við meintar dyr. Skurðurinn varð mest um 1,4 m djúpur og mátti greina í honum 4 byggingarstig. Efst var torfveggur úr streng með gráu gjóskulagi [004], og í sambandi við hann þunnt yfirborðslag með smáræði af kolum [003]. Þessi veggur var byggður ofan á annan, einnig úr streng með LNL og H-1104 í torfinu [007]. Þessum vegg tengdist þykkara mannvistarlag með viðarkolum, mjúkt, lífrænt og lagskipt [006]. Flygsur af H-1104 eru í torfsneplum í þessu lagi og eitt einasta dýrabein sem var í mjög góðu ásigkomulagi. Eldri veggurinn var byggður ofan á um 30 sm þykkt torfblendingslag [008] sem áreiðanlega er lagskipt þó ekki tækist að greina það í sundur í svo litlum skurði. Í því var talsvert af ösku og viðarkolum og

Mynd 22. Austursnið í skurði í tóft í Skógarnesi.

01. Grasrót
02. Torfhrun
03. Yfirborðslag, mjúkt, m. smáræði af kolum
04. Torfveggur. Strengur. Dökkt, grábrúnt gjóskulag er í torfinu
05. Torfhrun, lagskipt, m. Votti af kolum og ösku
06. Yfirborðslag, feitt, lífrænt, lagskipt m. Bæði ljósum og dökkum linsum. Viðarkol. Skellur af H-1104
07. Torfveggur. Strengur. Í torfinu er skella af H-1104 og grágræn gjóska, sennil. LNL
08. Torfhrun, lagskipt, mikið blandað m. Kolum og ösku. Mögulega þunn yfirborð á milli (m.a. flatur steinn í vestursniði)
09. Yfirborðslag, dökkt, feitt og kolaborið en ekki þétt.
10. Steinar í röð A-V, sitja í skurði. Á milli tveggja lábarinna smásteina voru timburleifar eftir stoð.
11. Óhreyft

Tafla 4. Lýsing eininga í skurði í tóft í Skógarnesi

hellubrot og flatir steinar á víð og dreif sem gætu verið yfirborð frá mismunandi tímum. Mögulegt er að þetta lag hafi verið jafnað út áður en eldri veggurinn var byggður og hafi orðið til í breiðara húsi (eða a.m.k. húsi með suðurvegg sem er sunnar). Undir þessu lagi en ofan á óhreyfðu [011] var annað yfirborðslag, dökkt, feitt og kolaborið [009] en ekki eins þétt og kolagólf í íbúðarhúsum eru venjulega. Þetta lag hefur hlaðist upp í 20 sm djúpum niðurgrefti en við suðurbrún hans er röð af litlum steinum [010] og á milli tveggja þeirra voru morknaðar leifar af uppréttri tréstoð.

Eldri byggingarstigin tvö (þ.e. [009]+[010] annarsvegar og [008] hinsvegar) virðast tilheyra húsum sem voru breiðari eða náðu lengra til suðurs en yngri byggingarstigin. Yfirborðslögin eru öll áþekk, mjúk, marglit og lagskipt en þó með greinilegum viðarkolum og aska var auk þess í þeim neðri. Þessi ummerki eru ekki eins og í venjulegum íveruhúsum en heldur ekki eins og í skepnuhúsum og er líklegasta kenningin að tóftin sé af seli þar sem eldur var kveiktur og fólk hafðist við en aðeins um skamma hríð í einu. Það myndi skýra af hverju yfirborðslögin eru jafnmjúk og lítið troðin og raun ber vitni en líka hvað viðarkolin og askan eru að gera á þessum stað. Það eina sem sagt verður um aldur tóftarinnar er að hún hefur greinilega verið notuð í mjög langan tíma og verið endurbyggð margsinnis. Næstyngsta byggingarstigið er yngra en 1104 og greining á gjóskunni í yngsta torfveggnum myndi varpa ljósi á aldur hans. Engar gjóskur sáust hinsvegar í tengslum við eldri byggingarstigin tvö og verður því ekkert fullyrt um aldur þeirra. Það er hinsvegar vel mögulegt að fyrst hafi verið byggt hús á þessum stað á víkingaöld og að það sé selráðskonan sem var heygð á nefinu austan við tóftina.

Niðurstöður vettvangsrannsókna 2013

Aðfaraorð

Hér er aðeins gerð grein fyrir þeim stöðum þar sem einhverjar vísbendingar voru skráðar. Þær tengjast greftrun og legstöðum mismikið en öllu er hér haldið til haga sem athugað var. Skrá um alla staði sem heimsóttir voru er aftast í þessum kafla.

Sílalækur í Aðaldal

Talaði þar við Vilhjálm Jónsson, f. þar 1935. Engin mannabein eða vísbendingar um legstaði.

Mannaþyrping er heiti á kletti á merkjum á móti Sandi. Kletturinn er í norðvestur horni lóðar í kringum íbúðarhúsið á Hellum og er smávarða á honum. Vilhjálmur telur að kletturinn heiti svo af því að hann geti litið út eins og flokkur manna og víst er að ekki er möguleiki að grafa neinn á þessum stað; klettur ofan á hraunbrún.

Mannhóll heitir í hrauninu 2,6km SSV við bæinn: “Messuhlið er hlið á gömlum grjótgarði í hraunbrúninni sunnan og austan við Guðrúnarstaðatjörn. Messuvegur er gömul reiðgata sem lá upp úr Messuhliði suðaustur yfir Bláhraun og upp hjá Mannhól og áfram suðaustur yfir hraun og upp í dal.” - “Mannhóll suður frá Austari-Sanddal, skammt austan við akveginn, malarhóll í skóginum. Hann er nú mikið til eyddur af manna höndum, en úr honum hefur verið tekin möl í akveginn.” Segir í örnefnalýsingum Sílalækjar.

Engin skýring er á nafninu en Vilhjálmur telur að það geti stafað af því að menn hafi staðið upp á hólnum til að sjá yfir við smölun. Önnur væri að þarna hefði orðið vart við mannabein en það er þá fyrir manna minni. Hóllinn var við leið og einn af fáum stöðum á henni þar sem hægt hefði verið að hola niður líki. Hóllinn var úr hraungjalli sem var notað í vegagerðina. Um það orti Jónas Jónasson á Sílalæk:

Mannhóll borinn burt af lóð,
bíla troðinn stolti.
Áratugi uppi stóð,
einn í Tunnuholti.

Mynd 23. Staðsetning Mannhóls í hrauninu sunnan við Sílalæk. Mynd af GoogleEarth.

Tunnuholt er klettaborg fast austan við þar sem hóllinn var. Vilhjálmur var kúskur við þessa vegagerð og man eftir hólnum og þegar tekið var úr honum. Það hefur verið um1947. Þessi staður er um 1 km norðar en merki Sílalækjar á móts við Hraunkot, Knútsstaði og Núpa.

Beitarhús eru norðan við Mannhól, tóftin sést vel.

Sandur í Aðaldal

Talaði þar við Sigfús Bjartmarsson, f. þar 1955. Engin mannabein eða vísbendingar um legstaði.

Draugadys heitir suðvestan í bæjarhólnum og sést ennþá sem tvær bungur og krossmynduð dæld ofaní. Sagnir eru um að draugar hafi verið kveðnir niður þarna á 16. öld og líka var **Draugatóft** vestan við túngarð, þar sem draugar voru kveðnir niður, sennilega þar sem nú er skemma vestan við bæjarstæðið. Draugadys var álagablettur en íbúðarhúsið á Sandi II, b. 1946, var talið grafið inn í hana (skv því hefur hún verið álitin talsvert stærri en það sem nú sér til á yfirborði) og var kolakjallari í NV horninu þar sem talið var reimt. Bungurnar tvær sem mynda Draugadys eru samanlagt um 20 m í þvermál og gæti þetta sem best hafa verið

Mynd 24. Afstaða Draugadysjar og Draugatóftar við bæjarhól og tún á Sandi í Aðaldal. Mynd af GoogleEarth.

bænhús og sagnir um drauga stafað af því að fólk hafi komið niður á mannabein. Ekkert annað rask hefur verið þar nærri annað en húsbyggingin og er húshornið amk 15 m frá bungunum sem nú sjást. Ekki er heldur óhugsandi að Draugatóft, rétt utan við túngarð, ekki langt sunnan við heimreið eins og hún er merkt á túnakorti gæti verið til marks um kumlateig.

Í örnefnalýsingum fyrir Sand er sagt frá Draugatóft á þessa leið: “Draugatóft. Hesthúskofi var þar, en var rifinn fyrir fáum árum. Gömul þjóðsaga er til um það, að þegar Arnór – galdramaðurinn nafnkunni – bjó á Sandi, hafi draugar, 18 að tölu, gengið um byggðina, og veittu þeir mönnum þungar búsifjar. Þetta var alþýðu hið mesta mein, en gat ekki við ráðið. Loks var Arnór fenginn til að fyrirkoma draugunum. Eftir harðar sviptingar kom hann þeim fyrir á þessum stað, sem síðan heitir Draugatóft. En svo voru draugar magnaðir, að þeir komust upp. Þá kvað Arnór þá niður í hól einum, sem er rétt sunnan og vestan við bæinn, og á krossmynduð lægð í hólinn að vera krossmark yfir dysinni.” Ö-Sandur, lýsing Völundar Guðmundssonar, 1924

Í örnefnalýsingum fyrir Sand er sagt frá Draugadys á þessa leið: “Suðvestan bæjarhúsa er Draugadys, dálítill hóll, og í hann lægð, gerð í kross. Segir þjóðsaga, að þar hafi Arnór Ólafsson komið fyrir 18 draugum. Draugatóft er og í túnjaðri til vesturs. Þar átti hann og að

Mynd 25. Draugadys á Sandi í Aðaldal, með krosslagaðri dæld í kollinn. Horft til vesturs.

hafa komið fyrir 16 draugum." Ö-Sandur, lýsing Bjartmars Guðmundssonar 1944. Sömu upplýsingar eru ennfremur í lýsingu eftir ókunnan skrásetjara frá 1943.

Engin tóft er sýnd á túnakorti vestan við bæinn og kemur það heim og saman við að hesthúsið Draugatóft hafi verið utan við túngarðinn.

Mynd 26. Afstaða Beinaskonsu og bæjarhóls í Hraunkoti í Aðaldal. Mynd af GoogleEarth.

Hraunkot í Aðaldal

Talaði við Kjartan Björnsson f. þar 1932. Engin mannabein eða vísbendingar um legstaði

Beinaskonsa heitir S og SA við bæinn, aflöng dæld í hraunið tæplega 100 m löng og 40-50 m breið. Grjóthlaðinn túngarður liggur yfir hana miðja frá N til S þannig að vesturhluti hennar er innangarðs en eystri hlutinn er dýpri og breiðari. Kjartan telur að nafnið geti eins vísað til þess að skonsan (sem svona dældir eru kallaðar) sé aflöng fremur en hringlaga. Skonsan er ekki svo langt frá bæjarstæðinu (undir íbhúsi b. 1947) að nafnið gæti ekki vísað til öskuhaugs en ekki taldi Kjartan þó að það væru nein sérstök merki um það.

Krossholt heitir í hrauninu austan við bæinn. Kjartan telur nafnið komið af því að skógurinn í holtinu sé í laginu eins og kross.

Beinaskonsa gæti vísað til þess að þar hafi einhverntíma fundist mannabein en aðstæður eru þannig að líklegra er að það væru þá bein skilin eftir í gjótu, eins og á Ásgeirsstöðum í Laxárdal (sjá að neðan), sem væru ástæða nafnsins fremur en regluleg gröf. Krossholt

Þverá í Laxárdal

Talaði við Áskel Jónasson f. þar 1938. Engin mannabein eða vísbendingar um legstaði aðrir en kirkjugarðurinn og kumlið nær Auðnum. Kirkjugarðurinn hefur verið færður út til norðurs, sléttaður.

Skiphóll: "Skammt fyrir neðan Suðurvöll, sunnarlega, er Skiphóll, malarhóll, sem nú er búið að grafa mjög sundur og lækka vegna malartekju." Hóllinn er nú alveg horfinn og standa vinnuvélar þar sem hann var, um 200 m SA við bæ. Hann hefur verið skammt neðan við túnið. Kálgarður byggður á 19. öld var sunnan í honum en ekkert sérstakt við hann að öðru leyti en fallegur hóll að mati Áskels, sem telur að hann hafi verið 2-3 m hár. Upplagt kumlstæði en ekkert kom í ljós þegar hann var tekinn.

Auðnir í Laxárdal

Talaði við Jón Benediktsson f. á Birningsstöðum 1946. Hann vísaði á kumlstæðið sem Adolf Firðriksson rannsakaði 1999 (Kristján Eldjárn 2000, 204) – nýtt hnit tekið. Kumlstæðið er rétt norðan við merkin milli Auðna og Þverár en Auðnir eru gömul hjáleiga frá Þverá og merkin því ekki dregin fyrr en á seinni öldum. Einsætt er að kuml þetta gæti verið nærkuml frá Auðnum. Að sögn Jóns var hestbeinagrindin sem kom í ljós 1945 í sérstakri gröf ofan á hólnum. Mannabeinin sem hann tíndi upp á níunda áratugnum eftir að búið var að jafna úr hólnum telur Jón að hafi verið úr gröf sem var vestan í hólnum. Heufr verð klassískur malarhóll en nú alveg jafnaður við jörðu og gróið flag þar sem hann var.

Jón telur ekki auðsætt að bærinn á Auðnum hafi alltaf staðið þar sem hann er nú (hefur þó vísast gert það á seinni öldum). Hann sagði frá því að þar sem nú er Huldulundur, utan við

Mynd 27. Afstaða kumlstæðis, gerðis og núverandi Bæjarstæðis á Auðnum í Laxárdal. Mynd af GoogleEarth.

Ytragil og mun nær kumlstæðinu en bærinn, hafi verið lítið hringlaga gerði. Engar tóftir hafi verið inni í því en hinsvegar utan við það að norðanverðu en einnig er tóft á grundinni sunnan við lundinn, fast ofan við heyrúllustæði og ofan við tóftina er garðlag sem liggur til norðurs frá mynni Ytragils og undir girðinguna um lundinn. Hvorki tóft né garður eru tiltakanlega fornleg og ekkert gat ég séð inni í lundinum en trjáræktin hefur gerbreytt landslaginu sem þyrfti nákvæmari könnunar við. Hafi þarna verið búið þá hefur sá bær verið alveg í hvarfi frá kumlstæðinu.

Ásgeirsstaðir í Laxárdal

Hauskúpu, neðri kjálka og tvo efstu hryggjarliði fann Jón Benediktsson á Auðnum eitt sinn í gjótu í túnjaðri á Ásgeirsstöðum. Löngu seinna, um 1984 minnti hann, var fólk að tjalda þar við, fann beinin og lét lögreglu á Húsavík vita. Hún kom og tók beinin og lét grafa í kirkjugarði á Húsavík. Með mannabeinunum voru kindabein, en að sögn Jóns voru tvö för ofan á kúpunni eins og eftir hníf og hafði kvarnast upp úr öðru. Jón sýndi staðinn, sem er gjóta eða hola innundir hraunbrún skammt innan, vestan við grjóthlaðinn garð sem er fyrir austurhlið túnsins á Ásgeirsstöðum. Ásgeirsstaðir fóru í eyði um 1690 (JÁM XI, 202) en þar voru lengi beitarhús,

Mynd 28. Fundarstaður mannabeina í gjótu í jaðri Ásgeirsstaðatúns í Laxárdal. Mynd af GoogleEarth.

fram á 20. öld, og er veggur af þeim enn sýnilegur. Jón telur að bæjarstæðið sé á sama stað og húsin stóðu og er þar eini verulegi hóllinn sem kæmi til greina sem bæjarhóll. Túnið hefur

Mynd 29. Gjótan í Ásgeirsstaðatúni og túngarðurinn ofan við. Horft til austurs.

allt verið sléttað en tóftir og heystæði eru í jaðrinum að austanverðu. Þegar garðurinn var hlaðinn um 1920-30 var grjót brotið úr hraunbrúninni og tóku menn þá eftir dýrabeinum, m.a. stórgripa, á löngu bili. Dýrabein sjást enn í holunni sem mannabeinin voru tekin úr en líka fleiri gjótum í sömu brún. Gróinn moldarbingur er fyrir brúninni þar sem holan er og mætti grafa í til að athuga hvort meira er þar af beinum.

Mynd 30. Afstaða mannabeinafundarstaðar og bæjarstæðis á Halldórsstöðum í Laxárdal. Mynd af GoogleEarth.

Halldórsstaðir í Laxárdal

Talaði við Hallgrím Valdimarsson f. 1947 og Halldór Valdimarsson f. 1950. Þeir hafa báðir heyrt að mannabein komu í ljós þegar íbúðarhús frá 1959 var byggt á hóli í brekkunni neðan við bæjarstæðið, norðan við bæjarlækinn. Getið eru um bænhús á Halldórsstöðum í jarðabókinni frá 1712, sagt að þar standi þá skemmukofi (JÁM XI, 203) og er líklegast a-beinafundurinn vísi á staðsetningu þess. Hóll þessi er um 125 m NA af bænum og þar stóðu útihús í byrjun 20. aldar (011 og 012 á svæðisskrá).

Múlatorfa

Talaði við Guðmund í Grímshúsum f. þar 1938. Hann sagði að fyrir utan kirkjugarðinn væri ekki vitað um neina beinafundi í Múlatorfu nema bein sem fundust í hraungarði við Helluland. Sigurður Bergsteinsson minjavörður kom og tók þau fyrir nokkrum árum – í sömu ferð og hann tók beinin við Gálgaklett í Hólkotslandi.

Mynd 31. Staðsetning Álfhóls m.v. landamerki Árbótar og Klambra og þjóðleið um Hvammsheiði. Mynd af GoogleEarth.

Árbót í Aðaldal

Talaði við Hákon Gunnarsson f. 1949 og Snæfríði Njálsdóttur f. 1949. Engin mannabein eða vísbendingar um legstaði eru í landi Árbótar. **Álfhóll** heitir við merkin á móti Klömbur, lítill en sérstakur hóll þétt við merkin og gömlu þjóðleiðina, nú jeppaslóð, vestan við Mýrarkvísl. Fallin vírgirðing er á merkjunum og ýtt undir hana, slóði meðfram. Talið var reimt á þessum stað og saga um mann sem alltaf var órótt að fara í gegnum hliðið af ótta við hólinn. Þessi staður var ekki skoðaður en á mynd 29 er sýnd staðsetning hans eftir lýsingu.

Mynd 32. Staðsetning Þjófakletts við merki milli Knútsstaða og Tjarnar. Mynd af GoogleEarth.

Knútsstaðir í Aðaldal

Talaði við Guðnýju Káradóttur f. 1946. Engin mannabein eða vísbendingar um legstaði í landi Knútsstaða. Guðný vísaði á **Þjófaklett** sem er stök hraunstrýta við suðurmerki jarðarinnar á móti Tjörn. Kletturinn er 5 m norðan við merkjagarð hlaðinn úr hraungrýti (og um 80 m vestan við austurenda garðsins sem endar eins og í miðjum klíðum úti í móa) en um 16 m sunnan við núverandi merkjagirðingu (sem er ekki nákvæmlega á merkjum heldur þar sem auðveldast var að girða).

Lyngmói í grónu hrauni er í kringum klettinn en fjær, að sunnan og vestan, úfið hraun. Kletturinn er um 320 m vestur frá árbakknum og er líklegra að leiðir út og suður hafi verið um bakkana fremur en þarna nálægt klettinum inni í hrauni. Kletturinn er 5 í þvermál, um 6 m hár og holur að innan og uppúr. Um 2 m eru niður í botn hans um gat á NA-hlið. Í botninum eru hraunsteinar og nokkur bein, fugla og lambs. Engin mannaverk sýnileg. Mögulega væri hægt að hola niður fólki í lyngmóanum í kringum klettinn – ekki víst þó. Gálgatré hefur mátt setja yfir opið að ofan og tæknilega því hægt að hengja menn hér.

Mynd 33. Þjófaklettur – horft í vestur. Til vinstri sér í grjóthlaðinn garð á merkjum milli Knútsstaða og Tjarnar.

Garður

Talaði við Guðmund Skarphéðinsson f. 1954 og Sigurð Hálfdanarson f. 1963. Engin mannabein eða vísbendingar um legstaði. Sigurður hafði heyrt um mannabeinafundinn í Garðshrauni en ekkert ákveðnara en það sem Ásgrímur Þórhallsson á Hafralæk hefur sagt frá (Orri Vésteinsson 2012, 50). Gengið var um hraunið norðan við þjóðveginn á því svæði sem líklegast þótti að lýsing Ásgríms kæmi heim við en ekkert fannst sem gæti bent til mannabeina í gjótu – enda vonlítið.

Nes

Talaði við Pétur Steingrímsson f. 1929 (í Laxárnesi). Bærinn í Nesi stóð þar sem eldri (eystri) hlutinn af núverandi íbúðarhúsi norðan við kirkjuna er og þar norðan við. Ekki er áberandi

Mynd 34. Afstaða bæjarhóls, kirkjugarðs og mannabeinafundarstaðar í Nesi í Aðaldal. Mynd af Google Earth.

hækkun eða bæjarhólslag þar sem húsið er en norðaustan við það er lágur en allbreiður hóll, etv um 40x20 m.

Torfkirkja stóð í skeifunni sem er nú nyrsti hluti kirkjugarðsins. Þar hefur verið hringlaga garður og er nyrðri hluti hans enn sýnilegur. Þegar núverandi kirkja var byggð 1903 var hún reist í stækkun á garðinum til suðurs, en garðurinn hefur verið stækkaður amk einu sinni til viðbótar eftir gerð túnakorts, líka til suðurs og eru áform um að stækka hann nú til austurs. Hringlaga garðurinn er um 21 m í þvermál og sér fyrir upphækkun eftir garðinn að innanverðu austanmegin en annars er búið að snyrt allt rækilega, slétta garðinn að innan og grjóthleðslan að utanverðu er greinilega nýleg/fær reglulegt viðhald. Yfirborð garðsins nemur við brún hleðslunnar, er um 1 m+ hærri en umhverfið. Engin tré eru í garðinum en hnappur af minningarmörkum er í miðju gamla garðsins, þar sem kirkjan hefur staðið. Flest minningarmörkin eru þó í stækkun garðsins sunnan við núverandi kirkju.

Pétur sagði frá beinafundi – kuml kallaði hann það – ennisbein sem fannst í flagi við túnasléttun sunnan við bæinn um eða fyrir 1950. Beinið fannst í jarðýtufari en ekkert annað

Mynd 35. Afstaða Draugaleitis við merki milli Ness og Jarlsstaða. Mynd af GoogleEarth.

og ekkert hafði sést á yfirborði áður. Þarna hafði verið mói eins og enn er í lautinni norðanvið. Þessi staður er um 520 m heldur vestar en beint suður af bæ („innan við ristarhlið [sem er sunnan við lautina] og austan við slóðann."), nákvæm staðsetning ekki á hreinu en staðurinn er í hvarfi frá bænum. Gróinn garður með hraungrýti í sverði liggur N-S um lautina austan við slóðann.

Draugaleiti er fast norðan við veginn að Nesi (NA við malarnám sunnan við veginn þar sem Kolfhóll var). **Draugalaut** er norðan í leitinu, hringlaga gervigígur með hrauki í botni. Leitið ber á milli Ness og Jarlsstaða og lítur út fyrir að vera hæsti punkturinn á þeirri leið. Lautin er um 500 m NV við bæ í Nesi. Akur er ræktaður uppi á leitinu og alveg í kringum lautina en lyngmói er í henni sjálfri. Engin mannaverk sýnileg og ekki er vísað á sérstakar dysjar.

Hólkot

Ekki náðist í heimildamann en ég gekk um í **Gálgahrauni**. Sigurður Bergsteinsson minjavörður tók beinin þar fyrir nokkrum árum en þau voru vel þekkt og höfðu lengi verið á vitorði manna (sbr. Grímu II, 300). Tóft er um 30 m frá vatnsbakkanum, 9x5 m, einföld

Mynd 36. Draugalaut og Helguþúfur og afstaða þeirra við bæjarhól í Haga í Aðaldal. Mynd af GoogleEarth.

grjóthleðsla, sennilega rétt af einhverju tagi. Gjóta er austan í klettinum NV tóftina en ég áttaði mig ekki á hvaða klettur er upplagðastur fyrir gálga. Margir koma til greina en enginn alveg gráupplagður. Einnig eru fjölmargar gjótur þar sem mætti fela bein, m.a. ein sunnan við tóftina sem í er hryggjarliður. Grjóthrúga er við vatnsbakkann um 40 m suðvestan við tóftina sem gæti verið samanborin af mönnum.

Hagi í Aðaldal

Talaði við Dag Jóhannesson f. 1937. Engin mannabein eða vísbendingar um legstaði. **Draugalaut** er um 80 m vestur af bænum (001). Hún er alldjúp og í henni dálítil þúfa í SA-hlið þar sem draugurinn á að hafa verið kveðinn niður. Hún er u.þ.b. 2 m í þvermál, niður undir en þó ofan við botn lautarinnar og alveg í hvarfi frá bænum. Lautin og þúfan eru og hafa alltaf verið slegin og þó börn hafi ekki leikið sér þar í rökkri í æsku Dags og Jóns Fornasonar (f. 1936) þá var lautin leikvöllur barna, s.s. engin álög á henni.

Helguþúfur eru um 30 m sunnan við bæinn (001), niðri í hvammi sem snýr mót austri, á vesturbakka Hagatjarnar. Þær eru 18 m langur þúfnarimi, sennilega gróinn hraungarður.

Mynd 37. Þjófaklettar í landi Haga í Aðaldal, afstaða við merki á móti Hrauni og bæinn í Haga. Mynd af GoogleEarth.

Liggur N-S. Þúfurnar eru innan gamla túnsins en nú órækt á vatnsbakka. Ekkert á þessum stað bendir til mannaverka og engar sagnir eru tengdar nafninu.

Gálgaklettar / Þjófaklettar / Klofaklettar eru 2 uppréttar hraunhellur 520 m suður af bænum, N og A við Botnalæk þar sem beygja er á honum til austurs. Lækurinn er á merkjum milli Haga og Hrauns en núverandi merkjagirðing er sunnar. Staðurinn er norðan við samfellt hraun og eru á því svæði stök hrauntögl og gjallhólar en mýrardrög á milli. Hellurnar eru um 3x0,5 m og 2-2,5 m háar uppi á 1-1,5 m háum hraunhóli og sjást langt að, áberandi og sérstakt kennileiti. Engin mannaverk sýnileg. Hólmgrímur Kjartnasson á Hrauni sagði frá því að í Hraunslandi væri gervigígur vestan við lækinn sem héti Dýblissa og þar ættu þjófarnir að hafa verið dysjaðir. Ekki væri þó bent á sérstaka dys. Krökkum var bannað að leika þar en gerðu það auðvitað samt (eða vegna þess). Steinarnir ganga yfirleitt undir nafninu Klofaklettar og kemur fram í örnefnaskrá Haga að Snær Jóhannesson lagði ekki trúnað á sagnir um þjófa og gálga og Dagur hafði eftir honum að það væri tilbúningur utansveitarmanna. Hólmgrímur man eftir því sem barn að Skúli Þorsteinsson frá Reykjum las sögu um Gálgakletta fyrir heimilisfólk en svohljóðandi er prentað eftir handriti Skúla í Grímu: „Sunnan við Haga í Aðaldal eru tveir klettar, sem Gálgaklettar heita; það eru tveir hraundrangar, með mjög stuttu

millibili. Þar er ... sagt að þjófar og aðrir illræðismenn hafi verið teknir af lífi. Ekki hafa, svo mér sé kunnugt, fundizt mannabein þar í grennd.” (*Gríma* II, 300)

Stífla er á Botnalæk suðvestan við klettana og upphlaðinn garður (eins og vegur) liggur til suðausturs frá þeim stað í Hraunslandi.

Bakki á Tjörnesi

Hákon Gunnarsson í Árbót í Aðaldal (f. 1949) er frá Bakka á Tjörnesi og sagði frá dys sem þar er, rétt norðan við Skjólbrekkumel, neðan til við Laugardalinn, skammt vestan við gamla veginn, ská norður af núv. ruslahaugum, á leiðinni milli Bakka og Húsavíkur. Þar er stjór grjóthrúga og var trú að sá sem framhjá færi þyrfti að setja stein í. Talið reimt þar og fólk flýtti sér framhjá. Sögn að tveir vinnumenn hafi barist með broddstöfum og verið dysjaðir þarna.

Sultir í Kelduhverfi

Gunnar Hallgrímsson bóndi í Klambraseli f. 1948 er fræa Sultum og hefur áður sagt mér frá munnmælum um kirkju í Staðarsult í Kelduhverfi. Hann hafði aldrei séð nein bein þar en sagði að ýtumaður sem sléttaði túnið og miklar tóftir þar hefði verið logandi hræddur meðan hann var að slétta vegna ótta við hina framliðnu. Gæti bent til að ýtumaðurinn hefði séð meira en hann sagði frá.

Hafursstaðir í Axarfirði

Fanney Helgadóttir í Ystahvammi í Aðaldal f. 1930 er frá Hafursstöðum í Axarfirði og fann þar mannsbeinagrind fyrir fermingu. Beinagrindin kom í ljós á austurströnd Hafursstaðavatns þegar lækkaði í vatninu. Öll beinin nema tvær kjúkur voru sögð hafa fundist og voru tínd saman af föður Fanneyjar. Grindin var grafin þar heima við bæ en hauskúpan geymd í kassa og er hún þar enn.

Birningsstaðir í Laxárdal	Jón Benediktsson f. 1946
Brekka í Aðaldal	Reynir Baldur Ingvason f. 1955
Fagranes í Aðaldal	Sigurveig Jónsdóttir f. 1949
Geitafell í Aðaldal	Baldur Jónsson (Ystahvammi) f. 1934
Hallbjarnarstaðir/Brún í Reykjadal	Sigurlaug Laufey Svavarsdóttir f. 1963
Hamrar í Reykjadal	Valgerður Jónsdóttir f. 1929
Hjalli í Reykjadal	Ásgeir Stefánsson (Hólabrekku) f. 1939
Hólar í Laxárdal (heimild um bænhús þar)	Hallgrímur Hallsson f. 1962
Hraun í Aðaldal	Hólmgrímur Kjartansson f. 1932
Húsabakki í Aðaldal	Edda Kolbrún Eðvarðsdóttir f. 1968
Jarlsstaðir/Hjarðarhagi í Aðaldal	Fríða Eydís Kristjánsdóttir f. 1936
Kasthvammur í Laxárdal (heimild um bænhús þar)	Aðalbjörg Jónsdóttir f. 1928
Klambrasel í Aðaldal	Ragnheiður L. Jóhannesdóttir f. 1957
Langavatn í Aðaldal	Gunnar Hallgrímsson (Klambraseli) f. 1948
Miðhvammur í Aðaldal	Ari Heiðmann Jósavinsson f. 1978
Mýlaugsstaðir/Lindahlíð í Aðaldal	Kristján Blær Ásmundsson f. 1925
Presthvammur í Aðaldal	Gunnsteinn Sæþórsson f. 1933
Sýrnes í Aðaldal	Þuríður H. Kristjánsdóttir f. 1932
Ystihvamur í Aðaldal	Baldur Jónsson f. 1934

Tafla 5. Skrá um jarðir á rannsóknarsvæðinu heimsóttar sumarið 2013 þar sem staðfest er að mannabein eða aðrar vísbendingar um greftrun eru ekki þekktar, með nöfnum heimildamanna (þess elsta þar sem talað var við fleiri en einn).

Samantekt og niðurstöður

Sumarið 2012 var fylgt á eftir ýmsum vísbendingum sem komið höfðu fram sumarið áður en að auki látið reyna á rannsóknarspurningar verkefnisins á nokkrum stöðum til viðbótar til að fylla þá mynd sem þegar hafði fengist. Ennþá meiri áhersla var þá lögð á að fá fram heildstæða mynd af vísbendingum um greftrun á rannsóknarsvæðinu í Aðaldal, Reykjadal, Laxárdal og Mývatnssveit. Þessu var fylgt eftir sumarið 2013 en þá var ekkert grafið heldur eingöngu tekin viðtöl við staðkunnuga og skráðir staðir sem tengjast viðfangsefni rannsóknarinnar með einum eða öðrum hætti á þeim jörðum á svæðinu sem ekki höfðu verið heimsóttar áður. Að samanlögðum þeim jörðum sem hafa verið skráðar í sambandi við reglulega fornleifaskráningu (á einkum við Mývatnssveit og Reykjahverfi, en einni stakar jarðir annarsstaðar á svæðinu) og á vegum þessa verkefnis hefur nú verið grennslast fyrir um mannabeinafundi og vísbendingar um greftrun í austasta hluta Suður-Þingeyjarsýslu, í öllum Húsavíkurhreppi forna (Tjörnes og Reykjahverfi), Skútustaðahreppi og stærstum hluta Helgastaðahrepps (austan Fljótsheiðar). Reynslan úr Mývatnssveit sýnir þó að margt getur bæst við þó að hefðbundin fornleifaskráning hafi farið fram en það er eðli rannsóknarstarfa af þessu tagi að aldrei getur orðið fullvissa um að öll kurl séu komin til grafar. Með þeirri yfirferð sem hefur verið gerð má þó setja fram nokkrar niðurstöður og tilgátur. Þær eiga eftir að fá ákveðnara form þegar niðurstöður kolefnisaldursgreininga liggja fyrir.

Meginniðurstöður vettvangsrannsóknanna eru þær að

a) legstaðir eru mun víðar en í öruggum kumlateigum eða kirkjugörðum. Á rannsóknarsvæðinu eru 106 lögbýli og er þar vitað um 34 kristna grafreiti (þ.e. tóftir og/eða mannabein - af 47 þekktum kirkjum/bænhúsum), 16 kumlateiga en 14 aðra mannabeinafundarstaði. Það eru þeir staðir sem útilokað er talið (staðsetningar eða annarra aðstæðna vegna) að geti verið kristnir grafreitir en 5 af þessum stöðum eru mannsbeinagrindur sem hafa verið skildar eftir í gjótum eða á víðavangi og geta tengst aftökum eða öðrum atburðum á seinni öldum.
b) Heimildir um mannabeinafundarstaðina eru iðulega mun rýrari en um kuml og var aðeins í einu tilfelli (fyrir utan gjóturnar) hægt að hafa upp á beinunum sjálfum til aldursgreiningar. Hinsvegar var í langflestum tilvikum hægt að fara nærri um staðsetningu þessara funda og eru þeir á samskonar stöðum og kuml finnast á, oftar þó nær bæ en merkjum. Á tveimur stöðum (Gautlöndum og Narfastöðum) eru mannabeinafundarstaðir nálægt kumlum og í línu við þau þannig að líta má á þá sem

hluta af sama kerfi þó of langt sé á milli grafanna í báðum tilfellum til að hægt sé að tala um einn teig. Á einni jörð, Ytri-Neslöndum, eru bæði kuml og mannabeinafundarstaður, sitthvorumeginn við bæinn en ámóta langt frá honum og á sambærilegum stöðum í landslaginu. Á þessu er byggð sú tilgáta að mannabeinafundarstaðirnir séu flestir úr heiðni og að greftrun hafi þá ekki verið bundin við kumlateiga eingöngu heldur hafi gröfum verið dreift á marga mismunandi staði. Tilgátan kemur heim og saman við þá niðurstöðu rannsókna á Raufarhóli í Mývatnsssveit (Orri Vésteinsson 2012, 9-13) og Öxnadalsheiði að kuml geta staðið í samhengi við sel og smábýli í mjög skammærri byggð. Með öðrum orðum var – öfugt við kristni – ekki sterk krafa um að grafa hina látnu á tilteknum stöðum, heldur jafnvel frekar lögð áhersla á að dreifa þeim sem víðast um landið. Vera má að munstur séu í þessu, t.d. þannig að grafir með haugfé séu frekar í kumlateigum en haugfjárlausar grafir séu frekar stakar. Væntanlegar kolefnisaldursgreiningar munu varpa ljósi á hversu líkleg þessi tilgáta getur talist.

c) Athugun á staðsetningu örnefna sem tengjast dauða, aftökum, líkum og beinum, handanlífi og verum annars heims (mann, beina, lík, dauð, kross, draug, þjóf, gálga, álf os.fr.v.) bendir til að slík nöfn séu mjög oft að finna á samskonar stöðum og for-kristnar grafir. Það er í úthögum, milli túns og merkja og iðulega alveg við merkin. Ekki er sú ályktun dregin af þessu að slík nöfn bendi þá endilega til greftrunar (þó að mjög oft geti það verið skýring á því hvernig þau verða til) heldur að þau tilheyri sama hugmyndaheimi og réði staðarvali for-kristinna grafa. Áhugavert er að slík nöfn hafa að jafnaði annarskonar staðsetningar en staðir sem taldir eru haugar í þjóðtrú (tafla 8). Slíkir staðir hafa flestir mannsnafn að fyrra liði og eru oftar en ekki í túnum. Þessar athuganir byggja á litlu úrtaki og þyrfti viðameiri rannsókn til að staðfesta þetta munstur og greina hverslags örnefni nákvæmlega fylgja því.

Ýmiskonar aðferðafræðilegar niðurstöður má einnig nefna:

- tilraunir til að grafa í staði sem þóttu líkleg kumlstæði báru lítinn sem engan árangur. Ekki er þó hægt á þeim grunni að útiloka litlar aflangar hvompur í móum eða litlar steinsetningar á melum sem möguleg kuml enda mýmörg dæmi um raunveruleg kuml með slíkum einkennum. Niðurstaðan sýnir að betur má ef duga skal með þróun skilgreininga á staðarvali kumla, eða – sem ef til vill er líklegra – að skipuleg kumlaleit geti ekki borið árangur nema með því að grafa í mjög mikinn fjölda staða.
- allmörg kirkju- örnefni og hringlaga garðar reyndust ekki vera kirkjur eða

kirkjugarðar.

- Þrátt fyrir heildstæða og ítarlega skráningu hefur aðeins tekist að staðsetja rúmlega tvo þriðju þekktra kirkna og bænhúsa á rannsóknarssvæðinu. Þar sem vísbendingar um staðsetningu slíkra húsa fást oftast vegna mannabeinafunda (sjá töflu 10) er mögulegt að þetta bendi til að við sumar kirkjur hafi ekki verið grafið. Kirkjur án grafreits væri allajafna mjög erfitt að finna og aðgreina frá öðrum tóftum.
- Athygli verkur líka að af þeim 10 kirkjum/kristnu grafreitum sem upplýsingar fást fyrst um á 20. öld (þ.e. sem ekki er getið í eldri heimildum en koma í ljós við örnefna- eða fornleifaskráningu) eru 5 undir meðallagi að dýrleika (og tvö eyðibýli sem ekki er vitað um dýrleika á). Kirkjur og bænhús sem þekkt eru úr miðaldaheimildum eru oftar á hærra metnum jörðum og gæti þetta bent til að kirkjur hafi verið útbreiddari á fyrstu öldum kristni heldur en á 14. öld þegar heildstæðari heimildir fara að fást. Með öðrum orðum er líklegt að kirkjur og bænhús hafi verið á enn fleiri jörðum en þessar heimildir geta um og að það hafi verið á lægst metnu jörðunum sem slík hús lögðust fyrst af.

Hér hefur verið tæpt á helstu niðurstöðum vettvangsrannsóknanna 2012 og 2013 en ítarlegri grein fyrir verkefninu í heild verður gerð þegar kolefnisaldursgreiningar og niðurstöður annarra verkþátta liggja fyrir.

Töflur

Staður	**Heimild**
Víðar (Víðatóft)	Kristján Eldjárn 2000, 203-204; Orri Vésteinsson 2012, 21-23
Gautlönd	Kristján Eldjárn 2000, 203
Baldursheimur	Kristján Eldjárn 2000, 200-203
Baldursheimur (Hrísheimar – óvíst)	Adolf Friðriksson & McGovern 2011
Geirastaðir (Kumlabrekka)	Hildur Gestsdóttir pers.comm.
Vindbelgur (Raufarhóll)	Kristján Eldjárn 2000, 198
Ytri Neslönd (Stóri Forvaði)	Kristján Eldjárn 2000, 198
Grímsstaðir	Kristján Eldjárn 2000, 199-200
Þverá (Auðnir)	Kristján Eldjárn 2000, 204
Narfastaðir	Adolf Friðriksson pers.comm.
Daðastaðir	Adolf Friðriksson 2009
Glaumbær	Kristján Eldjárn 2000, 204-207
Einarsstaðir (óvíst)	Orri Vésteinsson 2012, 36-38
Ingiríðarstaðir	Roberts 2013
Núpar (Litlu-Núpar)	Kristján Eldjárn 2000, 207; Roberts & Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2013
Saltvík	Adolf Friðriksson ofl. 2005

Tafla 6. Kuml á rannsóknarsvæðinu. Sverð sem fannst á Arnarvatni í Mývatnssveit (Orri Vésteinsson 2012, 13-14) gæti bent til kumls þar.

Jörð	Lýsing	Heimild
Gautlönd	2 staðir, báðir í túni	Þessi skýrsla
Ytri Neslönd	Borgarhóll	Þessi skýrsla
Narfastaðir	2 staðir, í og við tún	Adolf Friðriksson, pers.comm
Öndólfsstaðir	í túni	Orri Vésteinsson 2012, 34-35
Halldórsstaðir í Reykjadal	Ásláksmór	Orri Vésteinsson 2012, 35-36
Hólkot	Gálgahraun - aftökustaður	Þessi skýrsla
Múlatorfa (Helluland)	bein í gjótu	Þessi skýrsla
Ásgeirsstaðir í Laxárdal	bein í gjótu í túnjaðri	Þessi skýrsla
Hólmavað	bein í gjótu	Þessi skýrsla
Hafralækur		Orri Vésteinsson 2012, 40-50
Nes í Aðaldal		Þessi skýrsla
Garður	Garðshraun – bein í gjótu	Þessi skýrsla
Þverá í Reykjahverfi	N-S gröf 400 m V við bæ	SÞ-325:045; Birna Lárusdóttir & Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004, 46
Stóru-Reykir í Reykjahverfi	Mannabeinamelur, 450 m N við bæ. Á sömu slóðum er Álfhóll	SÞ-326:028; Birna Lárusdóttir & Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004, 58

Tafla 7. Mannabeinafundarstaðir aðrir en örugg kuml og kirkjugarðar

Jörð	Örnefni/lýsing	tilvísun
Arnarvatn í Mývatnssveit	Dys	SÞ-198:134
Haganes í Mývatnssveit	Draugadys	SÞ-199:059
Kálfaströnd í Mývatnssveit	Ásbjarnarhóll	SÞ-205:007
Geiteyjarströnd í Mývatnssv.	Geitríðarleiði	SÞ-206:014
Halldórsstaðir í Laxárdal	Birnuhóll	SÞ-216:020
Helgastaðir í Reykjadal	Helgahóll	SÞ-267:017
Helgastaðir í Reykjadal	haugur Eyvindar	SÞ-267:026
Einarsstaðir í Reykjadal	Leyningsbakki	SÞ-272:012
Hallbjarnarstaðir í Reykjadal	Hallbjarnarhaugur	SÞ-287:026
Máná á Tjörnesi	Mánahaugur	SÞ-295:023
Valadalur á Tjörnesi	Valahaugur	SÞ-295:015
Hallbjarnarstaðir á Tjörnesi	Hallbjarnarhaugur	SÞ-303:045
Kvíslarhóll á Tjörnesi	Sólveigarflötur	SÞ-308:008
Kvíslarhóll á Tjörnesi	nafnl. höfðar við Köldukvísl	SÞ-308:014
Héðinshöfði á Tjörnesi	Einbúi	SÞ-310:035
Skörð í Reykjahverfi	Ófeigur/Ófeigshóll	SÞ-322:017
Heiðarbót í Reykjahverfi	Þorkell og Arnbjörn	SÞ-324:018, 019

Tafla 8. Örnefni eða þjóðsögur sem benda til legstaða á rannsóknarsvæðinu

Jörð	Vísbending	Elsta heimild
Nes í Aðaldal	Kirkja og kirkjugarður í notkun	DI II, 435 (1318)
Tjörn	Staðsetning óþekkt	DI IV, 756 (1449)
Hafralækur	Staðsetning óþekkt	DI IV, 756 (1449)
Sandur?	Tilgáta um að Draugadys sé kirkjugarður	Fornleifaskráning – þessi skýrsla
	Kirkja og kirkjugarður til 1889.	Guðmundar saga (1220)
Múli	Sléttað en staðsetning þekkt	
Þeistareykir	Staðsetning óþekkt	DI III, 576 (1394)
Einarsstaðir í Þegjandadal	Tóft – engar grafir	Fornleifaskráning

Ingiríðarstaðir í Þegjandadal	Tóft – engar grafir	Fornleifaskráning
Syðra Fjall	Mannabein við bæjarhól	Fornleifaskráning – þessi skýrsla
Rauðaskriða	Staðsetning óþekkt	DI VI, 293 (1480)
Helgastaðir	Kirkja til 1907. Nú heimagrafreitur	Guðmundar saga (1186)
Höskuldsstaðir	Kirkjuhóll – sléttað en staðsetning þekkt	JÁM XI, 176 (1712)
Einarsstaðir	Kirkja og kirkjugarður í notkun	Guðmundar saga (1220)
Breiðamýri	Mannabein við bæjarhól	DI IV, 568 (1437)
Hólar	Mannabein við bæjarhól	DI IV, 565 (1437)
Stóru Laugar	Staðsetning óþekkt	DI XIII, 487 (1560)
Daðastaðir	Mannabein við bæjarhól	DI IV, 565 (1437)
Narfastaðir	Mannabein og kirkjuklukka við bæjarhól	Fornleifaskráning SÞ-282:052, 068
Stafn	Mannabein við bæjarhól	Ingólfur Sigurgeirsson 1997, 115-17
Skútustaðir	Kirkja og kirkjugarður til 1863. Sléttað en staðsetning þekkt	DI II, 430 (1318)
Arnarvatn – óvíst	Staðsetning óþekkt	DI III, 357 (1394)
Geirastaðir	Staðsetning óþekkt	JÁM XI, 241 (1712)
Vindbelgur	Mannabein við bæjarhól	Fornleifaskráning – Orri Vésteinsson 2008, 62.
Reykjahlíð	Kirkja og kirkjugarður í notkun	DI II, 429 (1318)
Grænavatn	Staðsetning óþekkt	DI XIII, 709 (1562)
Grímsstaðir	Kirkjuvöllur í túni	SSÞ, 125 (1839)
Hofstaðir	Uppgröftur á kirkju og kirkjugarði	DI VI, 110 (1477)
Bænhús á óþekktum stað	Staðsetning óþekkt	DI II, 429 (1318)
Þverá í Laxárdal	Kirkja og kirkjugarður í notkun	DI II, 430 (1318)
Brettingsstaðir	Tóft á Kirkjuhóli	örnefnaskrá

Hólar	Staðsetning óþekkt	JÁM XI, 209 (1712)
Kasthvammur	Staðsetning óþekkt	JÁM XI, 210 (1712)
Halldórsstaðir	Mannabein á hóli í túni	JÁM XI, 203 (1712)
Bænhús á óþekktum stað	Staðsetning óþekkt	DI II, 430 (1318)
Grenjaðarstaður	Kirkja og kirkjugarður í notkun	Jóns saga helga (um 1100)
Reykir	Mannabein á Kirkjuflöt	DI II, 431 (1318)
Heiðarbót	Mannabein í Kirkjuhóli	Fornleifaskráning - SÞ-324:020
Húsavík	Kirkjugarður í notkun	DI II, 428 (1318)
Skörð	Mannabein í Kirkjugarði	DI II, 317 (1386)
Laxamýri	Staðsetning óþekkt	JÁM XI, 250 (1712)
Saltvík	Tóft	JÁM XI, 253 (1712)
Héðinshöfði	Bænhúsbeð í túni	DI V, 617
Syðri Tunga	Mannabein í Kirkjuhóli	JÁM XI, 260 (1712)
Hallbjarnarstaðir	munnmæli	örnefnaskrá
Ísólfsstaðir	Kirkjuhóll í túni	JÁM XI, 266 (1712)
Ketilsstaðir	Mannabein við bæjarhól	Fornleifaskráning - SÞ-299:018
Sandhólar	Mannabein við bæjarhól	SSÞ, 191 (1842)

Tafla 9. Þekktar kirkjur og bænhús á rannsóknarsvæðinu, raðað eftir sóknum. Sóknarkirkjur feitletraðar. Til viðbótar er örnefnið Kirkjuhóll hjá Gamla-Grenjaðarstað.

kirkjugarður enn í notkun	9
mannabein	15
tóft eingöngu	5
Örnefni/munnmæli eingöngu	5
Staðsetning óþekkt	13
samtals	**47**

Tafla 10. Samantekt um vísbendingar um kristna grafreiti á rannsóknarsvæðinu

English summary

This report describes the results of fieldwork carried out as a part of the Death and burial project in two field seasons, 2012 and 2013. In 2012 small scale trenching was carried out at five sites in northern Iceland. Three suspected pagan burial sites gave negative results; they were either not burials (Höskuldsstaðir and Geirastaðir) or not anthropogenic at all (Ytra-Fjall). At Gautlönd the hypothesis that two human bone finds from the mid-20th century were from a Christian cemetery was not supported. The bones are more likely to be from non-Christian graves but radiocarbon determinations are awaited on the bones which will throw light on their age. In Öxnadalsheiði a trench into a small ruin adjacent to the find spot of a pagan burial suggested that the ruin is a shieling, rebuilt several times and quite possibly going back to the Viking Age although this could not be confirmed. It is hypothesized that this is the site of a shieling and that the burial belongs to it.

In addition to the trenching surveying was carried out, concentrating on the eastern part of the county of Suður-Þingeyjarsýsla. Parts of this area have been subject to conventional archaeological survey (Tjörnes, Húsavík, Reykjahverfi, Mývatnssveit and smaller areas scattered aound in Laxárdalur, Reykjadalur and Aðaldalur) but emphasis was placed on interviewing knoweldgeable locals on the remaining farms. As a result a comprehensive picture of the burial evidence for this area can be presented. In this area of 106 assessed farms (lögbýli) 47 farms are known to have had a church. Of those 34 can be located, with human bone finds recorded in 24. 16 pagan burial sites are known in the study area and a further 14 sites of unfurnished human burial. Of those 5 are human bones left on the ground or in holes in lava-fields. One of those sites is a known execution site from early modern times and the other bones-in-holes sites may also be recent. An explanation of this phenomenon is however not available.

On the basis of this evidence a hypothesis has been developed that in pre-Christian times burial was not limited to cemeteries (although furnished burial seems more commonly associated with sites with multiple graves) but that each farm might distribute their dead around the property, possibly in particular types of locations (along routes, at boundaries) but not limited to the one site. Cases of multiple burial locations within the same property are recorded at Ytri-Neslönd, Gautlönd and Narfastaðir. The hypothesis that the unfurnished burials are pre-Christian will be put to the test by forthcoming radiocarbon determinations. Observations were also made of place-names related to human remains, death and the

otherworld which exhibit the same range of locational characteristics as pre-Christian burials, frequently at or near boundaries between properties. Although it is possible that some such names derive from finds of human remains it is not suggested that the onomastic evidence points to particular burial locations. Rather, names and burials both reflect past attitudes to the landscape. They represent liminality, a structuring of the landscape into zones or spaces where those furthest from the dwelling are also metaphorically distant, at the edge of or even beyond the world of humans.

Methodological expermentation with trenching potential burial sites, both supposedly Christian and pre-Christian produced largely negative results. Although there are clear indications that burials are found all over the landscape pinning down individual sites remains tricky and partly dependent on luck.

Despite exhaustive survey a third of all known church sites in the research area remain unlocated. As human bone finds are the principal type of evidence that will point to the location of pre-modern churches this may indicate that some medieval churches are not associated with cemeteries. There is however no clear pattern which would explain why some churches are associated with burials and others cannot be located. While the majority of the churches are known from medieval to 18th century documents nearly a quarter have only come to light in the 20th century, most because of surprise finds of burials. It is interesting that most of these sites are on farms with a low taxation value, supporting other evidence indicating that church numbers had already declined considerably when the charters with church-lists were recorded in the 14th century. It seems then that in the 11th to 13th century a greater number and a greater breadth of farms had their own small churches, many with cemeteries.

Heimildir

Adolf Friðriksson ritstj. 2009, *Kuml á Daðastaðaleiti í Reykjadal*, FS412, Reykjavík.

Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, Colleen Batey og Thomas McGovern 2005, *Kuml í Saltvík í Reykjahverfi, S-Þingeyjarsýslu*, FS270, Reykjavík.

Adolf Friðriksson og Thomas H. McGovern 2001, *Hrísheimahundurinn*, FS478, Reykjavík.

Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson 2011, 'Landscapes of burial. Contrasting the pagan and Christian paradigms of burial in Viking age and medieval Iceland.' *Archaeologia islandica* 9, 50-64.

Birna Lárusdóttir & Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004, *Fornleifaskráning í Reykjahreppi. Síðari hluti*, FS235, Reykjavík.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmmannahöfn og Reykjavík 1853-1976.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir ofl. 1998, *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi* II, FS049, Reykjavík.

Gríma hin nýja. Safn þjóðlegra fræða íslenzkra, Þorsteinn M. Jónsson gaf út, Reykjavík 1964-65.

Glúmur Hólmgeirsson 1980, 'Hvar er Leyningsbakki?' *Árbók Þingeyinga 1980*, 122-125.

Ingólfur Sigurgeirsson 1997, 'Grafreiturinn í Stafni.' *Árbók Þingeyinga 1997*, 115-117

Íslenzk fornrit I-, Reykjavík 1933-.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, 11. bindi, Kaupmannahöfn 1943.

Kristján Eldjárn 1966, 'Kuml úr heiðnum sið, fundin á síðari árum.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1965*, 5-68.

Kristján Eldjárn 2000, *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, 2. útg, Adolf Friðriksson ritstj., Reykjavík.

Orri Vésteinsson 2000, *Fornleifakönnun. Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði*, FS123, Reykjavík.

Orri Vésteinsson ed. 2008, Archaeological investigations in Mývatnssveit 2007, FS386-02263, Reykjavík.

Orri Vésteinsson 2012, Gröf og dauði. Skýrsla um vettvangsathuganir 2011, FS490, Reykjavík.

Roberts, Howell M. 2013, *Ingiríðarstaðir 2012. An interim statement*, FS515, Reykjavík.

Roberts, Howell M. & Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2013, 'The Litlu-Núpar burials.' *Archaeologia*

islandica 10, 104-30.

SSÞ: *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, Reykjavík.

Tryggvi Emilsson 1976, *Fátækt fólk*, Reykjavík.

Örnefnaskrár, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

Ö-Árbót

Ö-Brettingsstaðir

Ö-Hagi

Ö-Hallbjarnarstaðir á Tjörnesi

Ö-Hómavað

Ö-Hraunkot

Ö-Knútsstaðir

Ö-Nes

Ö-Sandur, lýsing Völundar Guðmundssonar 1924

Ö-Sandur, lýsing Bjartmars Guðmundssonar 1944

Ö-Sandur, lýsing ókunns höfundar 1943

Ö-Silfrastaðaafrétt, athugasemdir og viðbætur

Ö-Sílalækur

Ö-Þverá í Laxárdal